

**39. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stilholti 16-18,  
8. ágúst 2016 og hófst hann kl. 16:15**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi.  
**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

**1. 1310152 - Umferðaröryggisáætlun - starfshópur**

Greinargerð um umferðaröryggisáætlun.

*Jón Ólafsson verkefnisstjóri á skipulags- og umhverfissviði fór yfir áætlunina. Skipulags- og umhverfisráð þakkar góða kynningu og leggur til að áætlunin verði send til yfirferðar hjá Samgöngustofu.*

**2. 1607032 - Aðalskipulagsbreyting vegna Tjaldsvæðis**

Skipulagslýsing lögð fram.

*Lagt er til við bæjarstjórn að skipulagslýsingin verði send umsagnaraðilum og auglýst til kynningar samkv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**3. 1604025 - Sorphirða á Akranesi og í Borgarbyggð - útboð**

Farið yfir fyrirbyggjandi útboðsgögn.

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að auglýsa ofangreind útboðsgögn.*

**4. 1607033 - Vesturgata - yfirlögn á götu**

*Sviðsstjóri fór yfir stöðu málsins.*

**5. 1608017 - Jaðarsbakkar - endurnýjun potta og heit laug á Langasandi**

Niðurstaða útboðs.

*Fimmtudaginn 4. ágúst s.l. var opnað tilboð í endurnýjun heitavatnspotta við sundlaug Jaðarsbakka og heita laug á Langasandi (Guðlaug). Eftirfarandi tilboð bárust.*

*GS Import ehf.: kr. 154.403.990*

*Kostnaðaráætlun Mannvíts: kr. 93.830.277*

*Ljóst er að tilboð er vel yfir kostnaðaráætlun. Sviðsstjóri fór yfir þá kosti sem eru í stöðunni. Máli að öðru leyti vísað til næsta fundar ráðsins.*

**Fleira ekki gert, fundi stíð kl. 17:15.**

*Einar Brandsson  
Rakel Óskarsdóttir  
Valgarður L. Jónsson  
Kristín Sigurgeirsdóttir  
Jóhannes K. Guðjónsson  
Sig. P. H.*